

Sagnþraut 8

Þú átt í suður ...

Suður

♠ KD6
♥ Á74
♦ ÁKG1043
♣ 3

Suður gefur. Allir á hættu. Tvímenningur.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	-	1 ♦
Pass	1 ♥	Pass	???

Ómar Olgeirsson kom með þessa þraut úr Sumarbríds.

Hver er sögnin?

gildir til 21. september 2007

Hægt að svara á "Spjallinu", í Sumarbríde hjá BSÍ eða í tölvupósti: gpa@simnet.is

Sagnþraut 7 - svör

Hönd suðurs ...

SUÐUR

- ♠ Á105
- ♥ Á1052
- ♦ 107
- ♣ KG104

Svör Spjallara

Pass	5
3 ♣	1

Austur gefur. Allir á hættu. Sveitakeppni.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	1 G ¹⁾
Dobl ²⁾	Pass ³⁾	2 ♦ ⁴⁾	Pass
2 ♥ ⁴⁾	Dobl ⁵⁾	Pass	???

- (1) 12-15 punktar.
- (2) Spiladobl - almennur styrkur.
- (3) Kröfupass: Annað hvort ótti með skiptingarspil eða til að spila 1G redoblað.
- (4) Eðlilegar litasagnir.
- (5) Sýnir spil, en ekki endilega sekt á hjarta - ætlaði að spila 1G redoblað.

Pessi þraut er partur af “dómsmáli” á sumarleikunum í Nashville, en áður en við kíkjum á þann málatilbúnað skulum við sjá hvernig íslenskir spekingar líta á málin:

Sigurbjörn Haraldsson: Pass.

Þrátt fyrir að doblið hafi ekkert með sekt að gera þá ætti makker að eiga a.m.k. tvö hjörtu. Þar að auki er tveggja hjarta maðurinn líklegast stuttur í tígli og þar af leiðandi með lengdir í spaða og laufi, sem gerir höndina okkar mjög væna í vörninni.

Páll Þórsson: Pass.

Fín varnarspil, ekki síst í hjartanu. Þetta gæti vissulega verið -670 á mjög slæmum degi, en miklu oftar +500 eða 800, jafnvel 1100 á “mjög góðum degi”.

Stefán Jónsson: 3♣.

Að upplagi eru þetta ágætis spil til að refsipassa, en mér finnst einhver ólykt af meldingum, andstæðingarnir melda eins og herforingjar. Ég gruna vestur um að hafa doblað á slagarík spil, frekar en mikla punkta. Hann gæti t.d. átt KDG sjöttu eða sjöundu í hjarta. Tvö grönd koma reyndar vel til greina líka, því AV eiga líklega ekki góðan samgang til að hnekkja grandsamningi.

Sveinn Rúnar Eiríksson: Pass.

Makker á einhverja vörn, því hann gat meldað eitthvað annað en dobl og það er nóg til að maður vilji verjast með þessi spil. Svo líka er þetta vænlegasti kosturinn til að fá væna plústölu ef makker er með áskorunarspil, því þá stendur ekkert geim hjá okkur.

Ómar Olgeirsson: Pass.

Aðalástæðan ... það eru svo léleg spil í borði! Ef makker á einspil og skiptingu þá ætti hann að eiga góðan styrk, því annars hefði hann farið strax úr einu grandu með tvílitu sögn (t.d. nota margir DONT ótta úr grandu).

Jakob Kristinsson: Pass.

“Beta seint en aldrei,” skrifar Jakob í tölvupósti, en hann svaraði öllum sagnþrautum sumarsins á einu bretti og bað fyrir kveðju úr Michigan kjördæmi. Jakob rökstyður ekki svarið að öðru leyti en því að það pass sé “réttu” sögnin, “og er ég farinn að eldast í sögnum”.

Sagnþraut 7 - dómsmál

Dómsmálið

Spilið er frá **16-liða úrslitum Spingold** keppinnar á milli sveita Gromovs og Rubins. Rússarnir Andrew **Gromov** og Aleksander **Dubinín** voru í NS gegn Pólverjanum Marcin **Lesniewski** og Bandaríkjamanninum Peter **Weichsel** í AV:

A/ALLIR	NORÐUR	(ÁTTUM SNÚIÐ)
	♠ 842	
	♥ D86	
	♦ ÁD4	
	♣ D975	
VESTUR		AUSTUR
♠ K963		♠ DG7
♥ KG94		♥ 73
♦ KG		♦ 986532
♣ Á63		♣ 82
	SUÐUR	
	♠ Á105	
	♥ Á1052	
	♦ 107	
	♣ KG104	

Það sem raunverulega gerðist við borðið ...

Austur gefur. Allir á hættu. Sveitakeppni.

Vestur	Norður	Austur	Suður
Weichsel	Gromov	Lesniew.	Dubinín
-	-	Pass	1 G ^{a)}
Dobl ^{b)}	Pass ^{c)}	2 ♦ ^{d)}	Pass
2 ♥	Dobl ^{e)}	Pass	3 ♣
Allir pass			

- 12-15 punktar.
- Spiladobl - almennur styrkur.
- Kröfupass: Annað hvort ótti með skiptingarspil eða til að spila 1G redoblað.
- Meint sem eðlileg sögn, skilið sem yfirfærsla.** Skermar voru notaðir við borðið og austur sagði suðri að sögnin væri eðlileg, en vestur tjáði norðri að um yfirfærslu væri að ræða. (Ath. að áttum hefur verið snúið og það hefur áhrif á hverjir eru skermafélagar.)
- Sýnir spil, en ekki endilega sekt á hjarta - ætlaði að spila 1G redoblað.

Þrjú lauf unnust slétt=110, en Rússarnir voru ekki ánægðir og kölluðu til keppnisstjóra - **Suður** (Dubinín) kvaðst hefði passað 2♥ dobluð ef hann hefði vitað að 2♦ væri yfirfærsla.

Keppnisstjóri úrskurðaði að **rangar upplýsingar** hefðu skaðað NS og breytti skor í 2♥ dobluð, þrjá niður=800 í NS.

AV áfrýjuðu til dómnefndar.

Mál utningur keppenda:

Vestur (Weichsel) sagði að um ókna stöðu væri að ræða og jafnvel þótt þeir hefðu rætt um að hafa “system on” í slíkum grandstöðum hefði hann verið viðbúinn því að makker væri að “gleyma kerfinu”. Weichsel kvaðst myndu hafa breytt 2♥ dobluðum í 2♠ á þeim forsendum að andstæðingarnir færu varla að refsidobla með aðeins 4 tromp sín á milli.

Suður (Dubinín) sagðist hafa tekið út úr doblinu í 3♣ því hann bjóst við að spilið lægi vel til AV - hann reiknaði með að vestur ætti minnst KDG9x í hjarta úr því hann vildi ekki spila tígul.

NS bentu líka á að það væri engin sérstök ástæða fyrir vestur að ætla að austur hefði gert mistök í sögnum frekar en NS og því ekki sjálfgefið fyrir vestur að taka út úr 2♥ dobluðum.

Sjá úrskurð dómnefndar á næstu bls.

Sagnþraut 7 - dómsmál, frh...

Úrskurður dómnefndar:

Dómnefndin komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt samkomulagi (kerfi) AV þá hefði austur gert mistökin - 2♦ áttu raun að vera yfirfærsla samkvæmt umtali (*system on*). Sem sagt, austur gaf þá suðri “rangar” upplýsingar (að 2♦ væri eðlileg sögn, eins og hann meinti, og þar með 2♥ hjá makker líka).

Dómnefndin taldi víst að suður hefði passað doblíð ef hann hefði átt von á hjartalit í borði (hjá austri).

Dómnefndin velti fyrir sér hvort skaði NS orskaðist frekar af röngum upplýsingum eða gerræðislegri bridsákvörðun suðurs, það er að segja, að taka út úr doblinu. Dómnefndin taldi “pass” mun betri sögn en 3♣, en hins vegar væri ekki hægt að líta á þriggja laufa sögnina sem ranga og viti firrta bridsákvörðun: “Saklausa hliðin þarf ekki að spila lýtalaust til að eiga rétt á bótum,” segir í úrskurðinum.

Dómnefndin mat það því svo að NS ættu kröfu á bótum og staðfesti úrskurð keppnisstjóra um að breyta skor í 2♥ dobluð, þrjá niður.

GPA: Hvað segja menn um þetta?

Ég veit ekki hvað öðrum finnst, en mér líður dálítið eins og Lísu í Undralandi - að vissu leyti ganga hlutirnir upp, en samt er eitthvað mjög mikið að. Ég get bara ekki alveg sett fingurinn á það. Eru það lögin og túlkun þeirra, eða er spilið sjálft svona meingallað?

Bridslögin

Í bridslögnum, grein 75, eru fræg neðanmálsdæmi sem fjalla annars vegar um **ranga útskýringu** og hins vegar um **ranga sögn**. Bridslögum samkvæmt mega menn melda hvað sem er viðurlagalaust - það má blekkja og gleyma sagnvenjum. Hins vegar verður skýring alltaf að vera rétt. Dæmin tvö fjalla um opnun á 1G og svar á 2♦ á móti. Í báðum tilfellum á svarhönd veik spil með tígul og hefur það eitt í hyggju að spila tvo tígla. Aðspurður segir opnari hins vegar að 2♦ sé sterkur Stayman.

Nú er tvennt til í dæminu:

(1) Að sögn svarhandar sé rétt samkvæmt kerfinu, en skýring opnara röng.

(2) Að skýring opnara sé rétt, en sögn svarhandar röng.

(1) Ef 2♦ er *samkvæmt kerfinu* veik sögn með tígul þá er skýring opnara röng og sem slík **BROT** á lögnum. Skaðist mótherjarnir vegna þessara **röngu upplýsinga** eiga þeir því heimtingu á bótum.

(2) Ef 2♦ er í raun sterkur Stayman *samkvæmt kerfinu*, eins og grandarinn útskýrði, þá hafa engin lög verið brotin - enn sem komið er. Skýringin á sögninni er rétt og mót-herjarnir eiga ekki kröfur á bótum, þótt þeir kunni að skaðast (nema þá ef svarhönd fer að nýta sér þær óheimilu upplýsingar að misskilningur sé á ferðinni, en það er annað mál og brot á öðrum lögum).

Því er þetta rifjað upp hér?

Vegna þess að lögin virka ekki sem skyldi á spilamennsku með skermum. Þar eð báðir spilarar útskýra sagnir - sínar eign og makkers - hlýtur alltaf **ANNAR hvor** að gefa rangar upplýsingar þegar misskilningur er á ferðinni og því er alltaf um brot að ræða. Er það sanngjarnt?

Í Spingold-dæminu er útskýring Lesniewskis í austur á eigin sögn “röng” samkvæmt kerfi, en “rétt” miðað við hvað hann er með. Hann segist vera með tígul og ER með tígul. Hvernig getur Dubinin í suður heimtað að fá að taka ákvörðun út frá því að Lesniewski sé með einhver allt önnur spil en hann segist vera með - með hjartalit? Það er eitthvað fáránlegt við þetta: “Ég hefði passað doblíð ef ég hefði vitað að það kæmi upp hjarta í blindum!” HALLÓ! Það er tígull í blindum og þú *vissir* það.

Að mínu mati er kjarni málsins þessi: AV lenda í kerfis-misskilningi og eru fyrir vikið komnir út á hálán ís. Þeir sleppa fyrir horn vegna þess að suður tekur slæma bridsákvörðun (samkvæmt mati dómnefndar og líka samkvæmt íslenska panelnum). #75 í lögnum virkar ekki á skermum því annar er alltaf sekur og það er ósanngjarnt (og ekki í anda spilsins) að refska mönnum SJÁLFKRAFA fyrir misskilning.

Hvað segja menn um þetta?

Eru lögin vitlaus eða spilið óspilandi?

Þú átt út ...

Þú ert með eftirfarandi spil í **vestur** og átt að spila út gegn **7G dobluðum** ...

Vestur

♠ G10

♥ G102

♦ 743

♣ G9765

Austur gefur. Allir á hættu. Sveitakeppni.

VESTUR	NORÐUR	AUSTUR	SUÐUR
-	-	3 ♦	Dobl
4 ♦	5 ♦	Pass	6 ♦
Pass	7 ♠	Pass	7 G
Pass	Pass	Dobl	Pass
Pass	Pass		

Sagnir eru eins og þær koma af skepnunni.

Makker vekur á hindrun, suður doblar og þú þrengir aðeins að þeim með hækkun í fjóra tígl.

Norður sýnir síðan hálitina (væntanlega) með fimm tíglum og suður segist geta spilað hvorn sem er með sex tíglum.

Norður telur sig þá eiga nóg í sjö spaða og suður álítur á móti að sjö grönd sé varla verri samningur.

Þetta gætu verið snilldarsagnir hjá mótherjunum - allt þar til makker doblar. Það bendir til að eitthvað vanti upp á dýrðina.

En þú átt sem sagt að **SPILA ÚT**.

Lausn á útspilsþraut

Allt spilið ...

A/ALLIR	NORÐUR		
	♠ K96542		
	♥ ÁK865		
	♦ 6		
	♣ 4		
VESTUR		AUSTUR	
♠ G10		♠ 7	
♥ G102		♥ 9	
♦ 743		♦ DG109852	
♣ G9765		♣ Á832	
	SUÐUR		
	♠ ÁD83		
	♥ D743		
	♦ ÁK		
	♣ KD10		

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	3 ♦	Dobl
4 ♦	5 ♦	Pass	6 ♦
Pass	7 ♠	Pass	7 G
Pass	Pass	Dobl	Pass
Pass	Pass		

Spilið er frá úrslitum GNT (Grand National Tournament) í USA og það var **Larry Cohen** sem átti út í vestur og spilaði út **TÍGLI** = 2490 í NS.

Mark Horton segir frá spilinu í daglegu mótsblaði sumarleikanna í Nashville og gerir svolítið at í Cohen.

Horton skrifar:

“Svo virðist sem makker eigi ás.

Tígull væri eðlileg útkoma í pössuðu spili, svo tígull kemur alls ekki til greina eftir doblið (auk þess sem suður hefði varla sagt sjö grönd með **AÐRA** fyrirstöðu í tígli).

Ef makker á spaðaás liggur sennilega ekkert á að taka hann strax, svo valið stendur á milli þess að spila út hjarta eða laufi.

Gosinn fimmti í laufi hjá útspil-aranum bendir til að sagnhafi eigi ekki mjög marga slagi á lauf - í mesta lagi fjóra.

En hann gæti átt rennandi hjartalit.

Þar með virðist meiri hætta á að makker brenni inni með laufás en hjartaás.

Ergó: lauf skal það vera.”

litariferð

Trompið er ÁG10xxx heima á móti einspili í borði. Þú mátt gefa tvo slagi. Samgangur er nægur. Hver er besta íferðin?

Eftirfarandi spil frá úrslitaleik Spin-gold-keppninnar í sumar er á margan hátt áhugavert:

S/ENGINN	NORÐUR		AUSTUR
	♠ 7		♠ KD963
	♥ ÁK62		♥ G754
	♦ ÁD1063		♦ KG4
	♣ ÁG4		♣ 2
VESTUR			
♠ 8			
♥ D1098			
♦ 8752			
♣ 10873			
	SUÐUR		
	♠ ÁG10542		
	♥ 3		
	♦ 9		
	♣ KD965		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Balicki	Meckstroth	Zmudzinski
-	-	-	1 ♠
Pass	2 ♦	Pass	2 ♠
Pass	2 G	Pass	3 ♣
Pass	3 G	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

Vestur	Norður	Austur	Suður
Gromov	Lall	Dubinín	Nickell
-	-	-	1 ♠
Pass	2 ♦	Pass	2 ♠
Pass	2 G	Pass	3 ♣
Pass	3 ♥	Pass	4 ♣
Pass	6 ♣	Pass	Pass
Pass			

Sex lauf er góða slemma, en á að tapast eins og legan er. Rússarnir misstigu sig hins vegar illa í vörninni og Nickell fékk tólf slagi og 920.

Zmudzinski hefur líklega verið full yfir því að missa slemmuna, því hann spilaði 4♠ hratt og örugglega í sjóinn. Út kom hjarta, sem hann tók og spilaði spaða á **ÁS** og meiri spaða. Þannig gaf hann **FJÓRA SLAGI** á tromp og fór einn niður.

Viðfangsefni Zmudda var að gefa ekki fjóra slagi á spaðann - hann **má gefa þrjá**. Eina hættan sem ráða má við er 5-1 lega með einspili í vestur. Það einspil getur verið K-D-9-8-6-3. Sem sagt, tvö mannspil og fjórir hundar. Ásinn tekur mannspilin (tvö tilfelli af sex), en með því að spila á gosa eða tíu ræðst við hundana (fjögur tilfelli af sex). Hér er því rétt að spila á gosa eða tíu - líkurnar eru tveir á móti einum.

En ef það má bara gefa TVO slagi á slíkan lit er rétta íferðin að taka á ásinn og spila svo LITLU næst. Þá er verið að hugsa um háspil annað hvorum megin sem er. Ef millihönd á Hx skiptir ekki máli hvort tekið er á ásinn eða “svínað”, en málið snýst um 4-2 leguna þegar millihönd á fjórlit. Munurinn er ekki mikill:

Blindur		
x		
Bakhönd	Millihönd	
D6	K987	Í þessum 8 tilfellum er rétt að spila ás fyrst og svo litlu
D7	K986	
D8	K976	
D9	K876	
K6	D987	
K7	D986	
K8	D976	
K9	D876	

76	KD98	Í þessum 6 tilfellum heppnast að “svína” gosa eða tíu.
86	KD97	
87	KD96	
96	KD87	
97	KD86	
98	KD76	

KD	9876	þáðar ífeðir lukkast
Heima		
ÁG10xxx		